

Fundargerð 5. júní 2023 kl 16:00



Mætt úr stjórn: Anna Eyjólfsdóttir, Hlynur Helgason, Pétur Thomsen, Thora Karlsdóttir og Soffía Sæmundsdóttir

*Lísa Björg ritar fundinn*

Dagskrá:

### **Stjórn skiptir með sér verkum**

- Þóra Karlsdóttir, fyrrverandi varamaður er nú aðalmaður í stjórn og Soffía Sæmundsdóttir er nýr varamaður.
- Hlynur Helgason verður áfram varaformaður þar sem enginn annar býður sig fram

### **Aðalfundur / Ársreikningar**

- Ársreikningur er tilbúinn en ekki hefur náðst í endurskoðanda til þess að fara yfir reikninga. Stjórnin styður formann í að leita til nýs fyrirtækis til þess að fá endurskoðun á ársreikninga rekstrarfélags og SÍM.
- Ákveðið er að hafa samband við nokkra aðila og fá hjá þeim tilboð

### **Launasjóður myndlistarmanna**

Formaður leitar til stjórnar um tilnefningar í nefnd launasjóðs myndlistarmanna, þrír aðalmenn og þrír varamenn

### **TORG listamessa**

Til athugunar er að breyta dagsetningunum á Torg í ár og færa um eina viku fyrr, 6.-13. október þar sem hátíðin lendir á sama tíma og Sequences listahátíð

### **Erlend samskipti**

Ítarlegt yfirlit um residensú programmið og vinnustofuskipti er að finna í ársskýrslu sem er aðgengileg á vefsíðu SÍM hér [www.sim.is/skýrslur](http://www.sim.is/skýrslur)

### **Önnur mál**

Myndstef leitaði til SÍM um samstarf á ráðstefnu um gervigreind þar sem fjallað verður um áhrif gervigreindar á myndlistar geirann

Pétur Thomsen er kominn í stjórn Myndstef og Myndlistarmiðstöðvar

Þeir sem sitja í nefndum fyrir hönd SÍM skila skýrslu af sínum störfum til SÍM en frá og með haustinu mun stjórnin bjóða aðilum hjá öðrum stjórnnum fagfélaganna að sitja inni á stjórnarfund til þess að fá betri yfirsýn yfir störf þeirra.

Stjórnarfundir verða haldnir sem áður fyrsta mánudag í mánuði en hægt að endurskoða tímasetningu þeirra með haustinu

Stofnað hefur verið nýtt [Félag sýningarstjóra](#)

- Stjórnin fylgist náið með framgangi mála og bjóða fram aðstoð
- Athuga áhrif þessara félaga, sýningarstjóra- og listfræðifélagið, á starfsumhverfi SÍM.  
Vilja þau gerast aðildarfélag að SÍM?

Á félagsfundum í haust verður tekið til skoðunar hvort að ástæða sé til þess að breyta inntökureglum til þess að leyfa sýningarstjórum og fagmönnum sem starfa í myndlist aðild að SÍM

Yfirlit ársreikninga rekstrarfélags SÍM og skrifstofu

Bæði rekstrarfélag SÍM og skrifstofa standa undir kostnaði

- Greidd félagsgjöld á árinu voru tæpar 17 milljónir
- Rekstrarkostnaður TORGsins lækkaði frá því í fyrra einkum vegna reksturs á kaffihúsi sem stóð undir kostnaði
- Gestaherbergi í Hafnarstræti skilaði 3,8 milljónum

*Fundi slitið 16:57*